



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 15. maí 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 14:00.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir því að breyting yrði gerð á dagskrá og að undir lið Bréf 9. b) verði tekið fyrir erindi Braga Þórs Haraldssonar: *Starfslok sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skagastrandar*. Var breytingartillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Framkvæmdayfirlit og rekstraryfirlit

Fyrir fundinum lá framkvæmdayfirlit fyrir tímabilið janúar-apríl 2026 ásamt rekstraryfirliti fyrir tímabilið janúar-mars 2026 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Málefni slökkviliðs

Fyrir fundinum lá erindi HMS frá 23. mars sl. þar sem ítrekað er að Brunavarnaráætlun sveitarfélagsins sé ekki komin til umsagnar ásamt beiðni um stöðu á úrbótum sem krafist var eftir úttekt á slökkviliðinu þann 14. maí 2025. Sveitarstjóri fór yfir stöðuna í málefnum slökkviliðs en settur slökkviliðsstjóri Gísli Björn Reynisson og settur varðstjóri Ragnar Már Björnsson hafa báðir sagt upp ráðningasamningum sínum við sveitarfélagið sökum anna. Sveitarstjóri upplýsti sveitarstjórn um að gott samtal hafi verið við HMS síðustu vikur og mánuði og að það hafi verið sameiginlega niðurstaða að farsælast væri fyrir sveitarfélagið að gera tímabundinn þjónustusamning við Brunavarnir Skagafjarðar. Hefur sveitarstjóri verið í viðræðum við Svavar Atla Birgisson slökkviliðsstjóra Brunavarna Skagafjarðar, Sigfús Inga Sigfússon sveitarstjóra í Skagafirði og fulltrúa HMS og er áætlað að ganga frá framangreindum þjónustusamningi í maí. Það verður áfram starfrækt slökkvilið á Skagaströnd og fyrsta viðbragð til staðar en liðið mun heyra undir yfirstjórn Brunavarna Skagafjarðar á meðan þjónustusamningurinn er í gildi. Fyrir fundinum lá einnig beiðni frá HSN um samstarf um svörun á vöktun öryggis- og brunavarnakerfi Securitas vegna Ægisgrundar 16. Rétt þykir að fresta afgreiðslu samstarfssamnings þar til þjónustusamningur við Brunavarnir Skagafjarðar liggur fyrir. Var sveitarstjóra falið að vinna áfram að málunum.

4. Velferðarstefna sveitarfélagsins – tillaga að breytingum

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á velferðarstefnu sveitarfélagsins er lýtur að verklagi vegna fjarvista starfsfólks og endurkomu. Lagt er til að innleiða Bradford-skalann sem er þekkt



aðferðafræði sem ætlað er að skapa skýrari yfirsýn yfir fjarvistamynstur starfsfólks og styðja við markvissa og sanngjarna eftirfylgni vegna endurtekinna skammtímaveikinda. Bradford-skalin er ætlaður sem stjórnþæki til að greina hvort þörf sé á stuðningi eða samtali við starfsfólk, stuðla að aukinni vellíðan og stöðugleika á vinnustað, draga úr röskun á þjónustu og álagi á samstarfsfólk, tryggja samræmda framkvæmd viðverumála og efla gagnsæi og jafnræði í meðferð fjarvista. Áhersla er lögð á að notkun Bradford-skala er hluti af stuðnings- og mannauðsnálgun þar sem tekið er mið af aðstæðum hvers starfsmanns og lögum um persónuvernd, vinnuvernd og réttindi starfsfólks.

Var breytingin borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

5. Námsstyrkir til nemenda

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um námsstyrki til nemenda. Markmið styrksins er að styðja við námsmenn sem sækja framhaldsskólanám utan heimabyggðar sbr. lög nr. 79/2003 um námsstyrki. Breytingartillagan snýr að breyttum aldursviðmiðum og að styrkurinn verði aðeins greiddur til ungmenna á aldrinum 16-20 ára. Þá er lagt til að upphæð styrksins fari úr 15.000 kr á önn upp í 50.000 kr á önn. Voru reglurnar bornar upp til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða með áorðnum breytingum með fimm greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að birta reglurnar á heimasíðu sveitarfélagsins samhliða því að auglýsa styrkina.

6. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2026

Fyrir fundinum lá erindi frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla vegna skólaársins 2026-2027 þar sem tilkynnt er að Höfðaskóli hafi hlotið styrk úr sjóðnum. Sveitarstjóri upplýsti um að styrkurinn hafi hlotist til að halda námskeið fyrir kennara og starfsfólk um nám í gegnum leik, en Guðrún Elsa Helgadóttir skólustjóri sótti um styrkinn. Var erindið lagt fram til kynningar.

7. Hvar hafið mætir hjartanu – útilistaverk

Fyrir fundinum lágu þær tillögur er bærust vegna auglýsingar sveitarfélagsins eftir listamanni í tengslum við styrk sem hlaut frá EBÍ til að gera útilistaverk á Skagaströnd. Alls bærust fjórar umsóknir og uppfylltu þær allar skilyrði auglýsingarinnar. Eftirfarandi aðilar skiluðu tillögum:

- a. Karen Winzer
- b. Erla Ólafsdóttir og Embla Vigfúsdóttir f.h. Þykjó
- c. Juan Arctic
- d. Jón Adólf Steinólfsson og Jóhanna Kristín Hauksdóttir

Þar sem ofangreind verkefni fela í sér töluverðan kostnað fyrir sveitarfélagið telur sveitarstjórn rétt að vísa ákvörðun um áframhald verkefnis til nýrrar sveitarstjórnar.

8. Tónleikar á Spákonufellshöfða

Sveitarstjóri upplýsti um fyrirhugaða tónleika á Spákonufellshöfða þann 19. júlí nk. en óska þarf eftir undanþágu frá Náttúruverndarstofnun til þess að heimilt sé að halda tónleikana þar sem um fólkvang er að ræða. Var sveitarstjóra falið að óska eftir umræddri undanþágu en að öðrum kosti að finna tónleikunum hentugan stað í sveitarfélaginu.

9. Bréf

a. Innviðaráðuneytið dags. 8. maí 2026

Efni: Endurskoðun byggðakvótakerfisins – umsagnarbeiðni til sveitarfélaga

Fyrir fundinum lá erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 8. maí 2026 þar sem tilkynnt er að ráðuneytið hafi hafið heildarendurskoðun á byggðakvótakerfinu þ.m.t. með það að markmiði að móta skýrari markvissari og skilvirkari umgjörð um ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ætlaðar eru til stuðnings sjávarbyggðum. Í því skyni er óskað eftir umsögn



sveitarfélaga sem hafa notið almenns og/eða sértæks byggðakvóta (Aflamarks Byggðastofnunar) um áhrif þessara veiðiheimilda á sveitarfélagið og einstök byggðarlög innan þess, ef við á. Sérstök áhersla er lögð á að umsagnir endurspegli bæði reynslu af núverandi fyrirkomulagi og afstöðu til framtíðarskipanar kerfisins. Var sveitarstjóra falið að vinna að umsögn í samvinnu við sveitarstjórn og skila henni inn fyrir tilskilinn frest.

b. Bragi Þór Haraldsson hjá Stoð ehf. dags. 13. maí 2026

Efni: Starfslok sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skagastrandar

Fyrir fundinum lá erindi Braga Þórs Haraldssonar skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins þar sem hann segir upp störfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skagastrandar frá og með 1. júní næstkomandi. Í erindinu kemur fram að Bragi Þór sé tilbúinn að vinna til 1. september ef þarf, þannig að sveitarstjórn gefist kostur á að ráða nýjan aðila í starfið. Er Braga Þór þakkað kærlega fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnum árum.

10. Fundargerðir

a. Stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 25. mars 2026

Lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17. apríl 2026

Lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 23. janúar 2026

Lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 20. febrúar 2026

Lögð fram til kynningar.

e. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 3. mars 2026

Lögð fram til kynningar.

f. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 8. apríl 2026

Lögð fram til kynningar.

g. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 13. apríl 2026

Lögð fram til kynningar.

h. Stjórnar SSNV dags. 5. maí 2026

Lögð fram til kynningar.

i. Fræðslunefndar dags. 25. febrúar 2026

Fundargerð fræðslunefndar staðfest.

j. Fræðslunefndar dags. 25. mars 2026

Fundargerð fræðslunefndar staðfest.

k. Fræðslunefndar dags. 29. apríl 2026

Fundargerð fræðslunefndar staðfest.

11. Önnur mál

Oddviti vill koma kærum þökkum til sveitarstjóra, starfsfólks og sveitarstjórnar fyrir gott samstarf á liðandi kjörtímabili. Í ljósi þess að oddviti býður sig ekki fram til sveitarstjórnar eftir 20 ára starf vill hann jafnframt koma þökkum til samstarfsfólks á fyrri tímabilum.

Fráfarandi sveitarstjórn óskar komandi sveitarstjórn farsældar í störfum sínum, samfélaginu á Skagaströnd til heilla.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 16:06

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Haldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir